

Reglur um þátttöku Ísafjarðarbæjar í farsímakostnaði starfsmanna

1. Almennt

Ísafjarðarbær úthlutar þeim starfsmönnum farsíma, eða styrkir þá til farsímakaupa, sem vinnu sinnar vegna þurfa nauðsynlega á slíkum síma að halda að mati sviðsstjóra/bæjarstjóra, m.a. vegna:

- öryggisvörslu,
- öryggissjónarmiða,
- eðli starfseminnar,
- starfsmanna sem vinna mikið utan eigin starfsstöðvar
- starfsmanna sem auðvelt þarf að vera að ná í, t.d. stjórnendur.

2. Símtæki í eigu Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær greiðir fasta greiðslu af símareikningi fyrir hvern farsíma sem hann afhendir starfsmönnum sem ætlað er að innifela alla almenna notkun farsíma í þágu Ísafjarðarbæjar. Viðkomandi starfsmaður greiðir upphæðina sem eftir stendur af símreikningnum.

3. Símtæki í eigu starfsmanns

Velji starfsmaður að nota eigin síma, í samráði við sviðsstjóra/bæjarstjóra, getur hann fengið allt að kr. 60.000 í framlag frá bænum til kaupa á símtæki. Starfsmaður greiðir sjálfur umframkostnað. Framlagið afskrifast á þremur árum þ.e. kr. 20.000 á ári. Láti starfsmaður af störfum innan þessara þriggja ára skal hann endurgreiða framlagið í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af afskriftartímanum.

Starfsmaður sem þarf farsíma skv. 1. gr. og velur að nota sinn eigin síma getur, í samráði við sviðsstjóra, valið um:

- Símastyrk/fastu greiðslu sem greidd er mánaðarlega í gegnum launakerfið. (Á t.d. við þegar starfsmaður er í viðskiptum við annað símafyrirtæki en Ísafjarðarbær).
- Ísafjarðarbær greiðir fasta greiðslu af farsímareikningi starfsmanns. Forsenda slíkra greiðslna er að starfsmaðurinn hafi símaþjónustu hjá því símafyrirtæki sem Ísafjarðarbær semur um fjarskiptaþjónustu við. Starfsmaður greiðir upphæðina sem eftir stendur af símreikningnum.

4. Upphæð fastrar greiðslu

Ákvörðun um upphæð fastrar greiðslu skv. 2. og 3. grein er í höndum sviðsstjóra þess starfsmanns sem um ræðir. Það er á ábyrgð sviðsstjóra að ákveða hverjir fá farsíma frá Ísafjarðarbæ eða greiðslur fyrir að nota eigin farsíma í þágu Ísafjarðarbæjar og að greiðslur séu í samræmi við þörf starfsmanns fyrir að nota síma í þágu Ísafjarðarbæjar.

5. Samningur og gildistími

Sviðsstjórar/bæjarstjóri gera formlegan samning við hvern starfsmann sem fær greiðslur frá Ísafjarðarbæ fyrir farsímanotkun. Afrit af samningnum skal sent til upplýsingafulltrúa sem sér um að virkja samninginn í samvinnu við fjarskiptaaðila.

Samningur um farsíma fellur sjálfkrafa úr gildi ef starfsmaður fer í veikindaleyfi, námsleyfi, fæðingar- eða feðraorlof eða annað orlof frá störfum sínum. Þó falla greiðslur fyrir farsíma hvorki niður í sumarorlofi né fyrstu 4 vikur veikindaleyfis. Samningur fellur sjálfkrafa úr gildi þegar starfsmaður lætur af störfum. Sviðsstjóri/bæjarstjóri getur sagt upp samningi með eins mánaðar uppsagnarfresti ef hann telur starfsmann ekki lengur hafa þörf fyrir farsíma vegna vinnu sinnar. Sviðsstjóri/bæjarstjóri ber ábyrgð á að tilkynna upplýsingafulltrúa hvenær greiðslur vegna farsíma falla niður.

Samningur um farsíma heldur gildi sínu ef Ísafjarðarbær skiptir um fjarskiptafyrirtæki. Þó fellur samningurinn úr gildi ef starfsmaður samþykkir ekki flutning á eigin símanúmeri til nýs fjarskiptafyrirtækis.

[Hér](#) má nálgast eyðublaðið „Samningur um símastyrk og GSM síma“

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2017